
HÉR



Jóhannes Harðarson skrifar um útvarp og sjónvarp:

Síðdegissyrpurnar þykja mér ágætar

Líklega hefur fátt verið oftar til umræðu í þessum dálkum en tónlistarflutningur útvarpsins og þá sérstaklega hlutur sígildrar tónlistar. Það hefur margoft komið í ljós í skoðanakönnunum að hlustun á slíka tónlist er afar lítil en þrátt fyrir það heldur tónlistardeildin sínu striki, fyrir þjóðina skal leika klassík hvort sem fólk hlustar eða ekki.

Síðdegissyrpurnar þykja mér ágætar en það var skaði að ekki náðust samningar við Jón Múla um stjórnun þeirra því hann er að mínum dómi skemmtilegasti „rabbari" útvarpsins. Í staðinn legg ég til að Jón fái rýmri tíma með sinn ágæta jassþátt og að hann verði fluttur fyrr á kvöldin.

Að venju voru margir áhugaverðir þættir í útvarpinu og vil ég geta um nokkra þeirra.

Þáttur Jónasar Jónassonar „Veistu svarið" hóf enn einu sinni göngu sína. Spurningaleikir sem þessir eru sívinsælt útvarpsefni og ávallt gaman að spreyta sig á spurningunum í kapp við þátttakendur.

Hinir nýju stjórnendur vikulokaþáttarins á laugardögum eru full hátíðlegir og er því þátturinn heldur þunglamalegur.

Ágústa Björnsdóttir stjórnar áheyrilegum og fróðlegum þætti á þriðjudagsmorgnum sem hún nefnir „Áður fyrr á árunum". Á þriðjudaginn brá hún upp nokkrum skemmtilegum svipmyndum frá árinu 1955.

Nokkrar ágætar myndir voru sýndar í sjónvarpinu í vikunni. Ber þar fyst að nefna sjötta þáttinn í myndaflokknum „Lífið á jörðinni": Þessir þættir eru eitt allra besta sjónvarpsefni sem ég man eftir. Kvikmyndunin er hreint frábær og skýringar David Attenborough stórskemmtilegar og ljósar.

Á sunnudaginn hóf sjónvarpið að sýna myndaflokkinn „Landnemarnir". Fyrsti þátturinn lofar, að mér finnst, nokkuð góðu um framhaldið. Að vísu hefur það verið svo með æði marga framhaldsþætti að upphafið lofar góðu en síðan er söguþráðurinn teygður og togaður eins og frekast er unnt. Er vonandi að myndaflokkurinn sýni sannari mynd af landnámi Evrópubúa í Norður-Ameríku heldur en vestrarnir hafa gert til þessa. Í myndinni á sunnudag voru nokkur hrottaleg atriði, sem ég tel lítt við hæfi barna og hefði þess átt að geta áður en sýning myndarinnar hófst.

Myndin á mánudagskvöldið um Kóreumanninn Moon og áhangendur hans var athyglisverð og þörf viðvörun gegn ofsatrúarmönnum, sem hér hafa náð fótfestu.

Að lokum lítillega um íþróttaþættina. Mér finnst ástæða til að hæla Hermanni Gunnarssyni, hann er ákaflega fjörugur útvarpsmaður og eru íþróttalýsingar hans lifandi og skemmtilegar. Íþróttaþætti sjónvarpsins er ég að mestu hættur að horfa á, nema þá helst þegar sýndir eru landsleikir eða viðlíka íþróttaatburðir. Stjórnanda hættir til að nota sömu orð og setningar um of, en það er afar leiðigjarnt til lengdar á að hlýða.

Erótík á Kjarvalsstöðum

Spjallað við Guðmund Björgvinsson myndlistarmann og rithöfund

Ljós, skuggi og form og umfram allt erótík er það fyrsta sem manni dettur í hug þegar maður gengur inn á sýningu Guðmundar Björgvinssonar sem hefst í dag, laugardag, á Kjarvalsstöðum. Ég er nú reyndar stundum að grínast með að ég sé sósíalrealisti, segir Guðmundur og hlær og myndin á forsíðu Þjóðviljans í dag „Á viðstofu bankastjóra", sver sig svolitið í þá ættina.

Guðmundur er 26 ára gamall Reykvíkingur, nam mannfræði, sálarfræði og myndlist, (teikningu, skúlptúr og listasögu) við University of Redlands í Kaliforníu á árunum 1974-76 og síðan mannfræði, sálarfræði, íslenskar bókmenntir, listasögu og frumuliffræði við Háskóla Íslands 1976-78.

— Helgarðu þig núna myndlistinni?

— Ég hef helgað mig henni í 3 ár og reynt að skrimta. Það hefur bjargað mér að ég hef farið vítt um landið og tekist að selja myndir svo að ég hef haft fyrir mat svona frá degi til dags.

— Og þú ert realisti.

— Ég byrjaði eiginlega í surrealisma sem vel ást á sýningu minni í Norræna húsinu fyrir tveimur árum, en hef síðan þróast yfir í þetta. Til að geta leikið mér betur að ljósinu fer ég lítið út í liti og margar af þessum pastelmyndum eru nánast svarthvítar. Svo fyrir nokkru varð eins konar sprenging hjá mér. Ég fór þá út í gjörólíkt frjálslegt form, eins konar abstrakt sem líka má sjá sýnishorn af hér á sýningunni. Þessar realisku myndir eru svo agafullar að nánast ekkert má fara út af línunni.

— Ertu erótískur maður, Guðmundur?

— Það ber ekki á öðru. Erótíkin verður alltaf að vera til staðar. (Hlátur)

— Svo eru hér andlitsmyndir af ýmsum mönnum. Hvaða fólk er þetta?

— Þessar hausamyndir eru af þeim mannskap sem ég virði mest. Þarna eru t.d. alþýðukarlar af Vestfjörðum og svo Picasso, Kjarval, Laxness, Thor, Bob Dylan, Bach og Einstein.

— Hvernig verðleggurðu myndirnar?

— Ég er ekki búinn að gera upp við mig hvort þær eigi að kosta hálfa miljón eða 600 þúsund. Eruð þið með uppástungu?

— Nei.


— Það verður að vera dálítið hátt verð til þess að maður geti lifað. Fyrstu miljónirnar fara beint í efniskostnað og fleira slíkt.

— Það er ljóð eftir þig í myndaskránni. Ertu líka ljóðskáld?

— Helmingurinn af mér er rithöfundur og hinn myndlistarmaður. Ég hef fengist töluvert við ritsmíðar, greinar og smásögur. Myndlist og ritsmíð eru tvö ólík tjáningarform og það er hvíld í því að skipta öðru hverju um.

— GFr

OG



Guðmundur með nokkur af verkum sínum á Kjarvalsstöðum.

Karlremba

Mjög fagrar konur og mjög ófríðar konur kjósa helst, að við hælum gáfum þeirra. En þeim konum, sem hvorki eru fagrar né ófríðar, fellur best, að þeim sé hrósað fyrir fegurð og yndisþokka.


Chesterfield lávarður

Fullvíst er, að fögur kona veldur tíðum falskri vináttu, og eins víst er líka hitt, — að hún eyðileggur oft sanna vináttu.

Fielding

Hafi maður tekið þá heimskulegu ákvörðun að gifta sig, verður maður að varast að gera hana enn heimskulegri með því að velja sér fagra konu.

Alexander Dumas



Karl Marx.

Öreigarnir hafa engu að tapa öðru en hlekkjunum. En þeir hafa allan heiminn að vinna.



Íslendingar senda að þessu sinni kvennasveit á Ólympíuskákmótið sem hófst á fimmtudaginn á Möltu. Og þetta er sveitin: F.v. Áslaug Kristinsdóttir, Birna Norðdahl, Ólöf Þráinsdóttir og Sigurlaug Friðþjófsdóttir.

Liðtækir blaðamenn

„Þá er Njarðvík eina liðið sem hefur ekki tapað leik til þessa og er fyrir vikið með örugga forystu í deildinni. Það var einkum tvennt sem lið Njarðvíkur hafði yfir mótherja sína í gærkvöldi. Liðið hafði Danny Shouse, sem er ótrúlega snjall. Og liðið hafði meiri breidd. Eða með öðrum orðum, liðið var og er miklu betra en lið ÍS". **Mbl. 14.11. '80**

„Var Kristján besti maðurinn í liði Víkings. Var ekki laust við að það væri eins og Víkings liðið væri að spara kraftana fyrir sunnudagskvöldið, en þá mæta þeir Íslandsmeisturum Vals og hafa sjálfsagt í hyggju að klekkja á þeim. Lið Víkings er greinilega í mjög góðri æfingu og það sama má segja um lið Vals, það verður því gaman að sjá liðin leika saman í fyrsta sinn á vetrinum.

Lið Fylkis hefur oft leikið betur en það gerði í gærkvöldi. Liðið hefur alla burði til þess að ná langt í vetur því að margir góðir handknattleiksmenn skipa liðið".

Tíminn

DÍLLINN



Þeir segja að síldin sé rétt einu sinni að leika á Íslendinga!

Úr koffortinu hans afa

Nei, nú er ég svo aldeilis hissa. Hvað haldið þið að ég hafi dregið upp af botni koffortsins hans afa annað en gamalt póstkort með mynd af Kalla Marx með viðeigandi áletrun. Ég sem hélt að afi hefði alla tíð verið grandvar íhaldsmaður, en hann var reyndar dáinn fyrir mitt minni. Amma gaf aldrei neitt undir fótinn með stjórnmálaskoðanir hans og börnin fóru öll út í bisness á einn eða annan hátt. Líklega hefur hann verið góður sósíalisti með sjálfum sér og kosið rétt hvað sem hann hefur sagt að öðru leyti. Ja, hérna...

ÞAR